

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 133

8. maí 2024

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans miðvikudaginn 8. maí 2024 kl. 10:30.

Mætt: Bergur Þorgeirsson sem varamaður, Helga Margrét Friðriksdóttir sem varamaður, Flosi Sigurðsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Inga Dóra Halldórsdóttir.

Formaður setti fundinn, bauð alla velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar borin undir fundarmenn

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust vegna fundargerðar síðasta stjórnarfundar og var hún samþykkt og undirrituð

2. Fjármál – staða og framtíðarhorfur

Skólinn er í sókn og vinna við nýsköpun í skólaþróun síðustu árin er að skila sér m.a. með auknum fjölda nemenda í skólann. Það stefnir í fjölgun á öllum brautum og er m.a. verið að undirbúa fjölgun á starfsbraut sem kallar á breytt skipulag og stærra rými svo eitthvað sé nefnt. Búið er að ganga frá ráðningu kennslustjóra á starfsbraut.

Skólameistari ræddi sérstaklega nokkra liði í samþykkttri fjárhagsáætlun, s.s. húsnæðiskostnað, launaliðinn út frá þeim forsendum að kjarasamningar eru lausir og breytt fyrirkomulag í stjórnarsýslu skólans vegna skipulagsbreytinga.

3. Starfsánægjukönnun í MB

Skólameistari kynnti niðurstöður úr starfsánægjukönnun sem gerð var á meðal starfsfólks MB í mars/apríl 2024. Könnunin tekur á ýmsum þáttum, s.s. stjórnun, starfsskilyrðum, aðbúnaði, starfsanda, líðan í starfi, starfsánægju, starfsanda o.fl. Könnunin er unnin af Prósent ehf fyrir skólann. Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með mjög jákvæðar niðurstöður úr könnuninni, skólinn má vel við una en að sama skapi er það áskorun okkar allra að viðhalda svona jákvæðum og góðum niðurstöðum úr starfsánægjukönnun.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

4. Skólastarf;

Skólameistari fór yfir skólastarfið á vorönn og hvernig það lítur úr fyrir næsta skólaár.

Skóladagatal; Það er verið að leggja lokahönd á skóladagatalið fyrir næsta skólaár. Það eru engar stórvægilegar breytingar frá fyrri árum.

Skólalok/innritun; Forinnritun hefur verið hætt, þannig að umsóknarferlið er að hefjast. Endanlegur nemendafjöldi fyrir næsta ár liggur ekki fyrir en í kringum 10. júní.

Almennt um starfið; Skólabragurinn var ræddur og m.a. hvað það skiptir miklu máli að fjölga nemendum sem eru í staðnámi en ekki í fjarnámi. Rætt um mikilvægi Kvikú og hversu miklu máli skiptir að vera vakandi fyrir nýjungum í skólastarfi og þróa námið í takt við tíðarandann.

Starfsmannamál; Skólameistari fór yfir þær breytingar sem liggja fyrir í dag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:50.